

## Reglur vegna deildakeppni 2009:

### 1. grein.

Spilað verður í 2-3 deildum, eftir þátttöku, 8-16 sveitir í deild. Spilaform og lengd leikja fer eftir þátttöku, en spila skal leiki án hálfleiks. Fyrirliðar skulu báðir stilla upp „blint“, þ.e. án vitneskju um uppstillingu hinnar sveitarinnar.

### 2. grein

Spilað verður á 2 helgum, ákveðið af Mótanefnd BSÍ hverju sinni.

### 3. grein

Spilað er um titlana: „Deildarmeistari 2009“, „Deildarmeistari 2. deildar 2009“.

### 4. grein

Gullstig eru veitt - sjá þar til gerðar gullstigareglur frá meistarastiganevnd BSÍ.

### 5. grein

Verðlaun:

Deildarmeistarar 2009 vinna sér inn 300,000 ískr. Ferðavinning frá Iceland Express.

Deildarmeistarar 2. deildar fá í verðlaun keppnisgjald fyrir eina sveit á Bridgehátíð 2010.

Sigurvegarar B-riðils 2. Deildar fá í verðlaun keppnisgjald fyrir eina sveit á Bridgehátíð 2010

### 6. grein

Skrá skal 4-6 spilara í hverja sveit, 2 aukavaramenn mega líka spila (en þeir mega þá ekki spila með annarri sveit í deildakeppninni það árið). Bæta má við mönnum eftir lokadagsetninguna. Skipan sveita á milli ára fer eftir þessum reglum:

- 1) Fyrirliði er fullgildur meðlimur sveitar á milli ára óháð hvað hann spilaði mikið.
- 2) Allir spilarar sem spiluðu minnst helming spila fyrir sveitina í Deildakeppninni 2008 teljast fullgildir meðlimir 2009.
- 3) Ef sveit brotnar upp þá heldur meirihluti af fullgildum spilurum sveitinni (Fyrirliði telur 1,5 en hinir meðlimir telja 1.)
- 4) Ef ekki er hægt að mynda sveit vegna jafns gildi atkvæða þá skal Mótanefnd varpa hlutkesti fyrir síðasta skráningardag.

### 7. grein

Keppnisgjald ákvarðast af stjórn hverju sinni, en verður 28 þús kr á sveit árið 2009.

## 8. grein

Umsóknir eru þáttökubindandi - Hætti sveit við þátttöku eftir lokaskráningardag, án gildrar ástæðu, er leyfilegt að setja skráða meðlimi sveitarinnar í eins árs bann í deildakeppninni, þ.e. árið eftir.

## 9. grein

Færslur milli deilda: 2 af 8 falla, 3 af 10 og 4 af 12. Samsvarandi fjöldi efstu sveita úr næstu deild fyrir neðan færast upp næsta ár.

## 10. grein

Spilarar sem þurfa að ferðast um langa leið fá ferðastyrk til þátttöku skv. þessum reglum:

Ferðastyrkurinn greiðist til þeirra spilara sem búa á Snæfellsnesi, Vestfjörðum, norðan Holtavörðuheiðar og fyrir austan Mýrdalssand.

Hámarksstyrkur á sveit er kr. 12.000 og skal fyrirliði sveitarinnar sækja um styrkinn áður en mótinu lýkur.

Til að hljóta hámarksstyrk þurfa 4 eða fleiri í sveitinni að vera styrkhæfir.

## 11. grein

Ef sveit hættir við þátttöku, þá tekur hæsta sæti síðasta árs hennar pláss (efri deild, herra sæti).